

Nd.

245. Frumvarp til laga

[122. mál]

um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Ríkissjóður styrkir ræktun skjólbelta eftir því, sem fé er veitt á fjárlögum, og samkvæmt því, sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Skógræktarstjóri hefur yfirumsjón með ræktun skjólbelta. Hann aflar upplýsinga um áætlaðar framkvæmdir í ræktun skjólbelta næsta ár og gerir, að þeim fengnum, tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um fjárveitingu á næsta ári, áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi.

3. gr.

Eftirgreindir aðilar geta notið styrks samkvæmt 1. gr.:

- a) Ábúendur lögbýla og garðyrkjubýla.
- b) Félagsbundin samtök um ræktun korns eða garðávaxta, enda sé land það, er tekið er til ræktunar, eigi minna en 10 hektarar að flatarmáli.

4. gr.

Styrk má því aðeins veita, að fullnægt sé eftirtöldum skilyrðum:

- a) Að skógarvörður og héraðsráðunautur hafi mælt með framkvæmdum.
- b) Að fylgt hafi verið fyrirmælum skógarvarðar um legu skjólbelta og gerð þeirra.
- c) Að eigandi eða vörzlumaður lands eða jarðar hafi annazt jarðvinnslu og lagt til nægan áburð samkvæmt fyrirmælum skógarvarðar.
- d) Að landssvæði það, sem vernda skal, hafi verið girt löggirðingu, sbr. 16. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt.
- e) Að lokið sé ákveðnum áfanga gróðursetningar, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

5. gr.

Girðingarstyrk skal aðeins miða við girðingu utan um samfellt rækunarland. Vilji eigandi eða vörzlumaður nota landið til beitjar, er honum skylt að girða reinarnar, svo að öruggt sé, að skjólbeltin bjóði ekki tjón af beitinni.

Verði tjón á skjólbeltum vegna búfjárbeitar, er veittur styrkur afturkræfur að nokkru eða öllu leyti.

6. gr.

Styrkur samkvæmt 1. gr. má nema allt að $\frac{1}{3}$ af girðingarkostnaði og $\frac{1}{2}$ af andvirði trjáplantna og kostnaði við gróðursetningu.

Skógarverðir eða héraðsráðunautar gera úttekt á skjólbeltaframkvæmdum.

7. gr.

Skytt er eiganda skjólbeltis eða vörzlumanni að fara eftir fyrirmælum skógarvarðar um friðun og hirðingu þess. Lendi skjólbelti í vanhirðu, er heimilt að endurheimta styrk þann, sem veittur var.

Að fimm árum liðnum frá gróðursetningu skjólbeltis er heimilt að veita eiganda eða vörzlumanni þess verðlaun, er samsvari allt að fjárhæð 2ja ára hirðingarkostnaði, ef ræktun skjólbeltis hefur tekizt vel.

8. gr.

Verði eigenda- eða ábúendaskipti á landssvæði eða jörð, þar sem skjólbeltarækt hefur verið styrkt samkvæmt lögum þessum, ber sá, er við tekur, ábyrgð á því, að skjólbelti sé friðað og hirt. Vanræki hann það, er heimilt að heimta úr hendi hans þann styrk, sem veittur hefur verið.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ræktun skjólbelta hefur um langan tíma verið snar þáttur í búskap manna um norðan- og vestanverða Evrópu, og á síðustu áratugum hefur verið hafin geysimikil skjólbeltarækt í Norður-Ameríku og í Rússlandi. Sums staðar, eins og t. d. í vestur- og norðurhluta Jótlands, þar sem skjólbeltaræktun á sér hvað lengstan aldur, er ræktun án skjólbelta talin óhugsandi.

Tilraunir og reynsla hafa sýnt, að áhrifa skjólbelta á uppskeruaukann gætir því meir sem veðráttta er kaldari og óstöðugri. Uppskeruaukinn er tiltölulega mestur, þar sem veðráttan er hörðust.

Verkanir skjólbelta eru margþættar. Af minnkandi vindhraða við yfirborð jarðar leiðir m. a. þetta:

1. Á skýldum stöðum er hiti loftsins hærri að degi til en á berangri. Munar þetta frá 0.5° C. Að næturlagi er örlítið svalara í skjólinu. Þetta eykur kolsýrunám gróðursins. Það verður örara á daginn í hitanum, en kælingin hindrar kolvetniseyðslu að nóttu.

2. Þegar næturfrost koma í kyrru veðri, stafar minni hætta af þeim á skýldu landi en á berangri sakir þess, að jarðvegurinn er rakari í skjólinu en utan þess. Rakur jarðvegur leiðir örur hitann úr jarðvegi til lofta en þurr, og bægir það frosti frá um nokkurn tíma.

3. Hiti jarðvegs í 20 cm dýpi er venjulega 0.5° til 1.0° C hærri á skýldu landi en óskýldu. Á stundum hefur þessi hitmunur komizt allt upp í 3.0° C. Þetta flýttir næringarupptöku rótanna og eykur allan smáverugróður og dýralíf jarðvegsins.

4. Í skjóli er uppgufun frá plöntum og jarðvegi minni en þar, sem vindar næða. Við það spara plönturnar orku. Í þurrnæðingi lokast loftaugu blaðanna, en við það teppist kolsýrunám plantnanna.

Allar þessar verkanir hafa vaxtarauka í för með sér. Á Jótlandi hefur uppskeruaukinn verið mældur um tugi ára á skýldu landi og á ótal stöðum. Meðaltal fjölda mælinga hefur reynzt þetta:

Heyfengur (gras og smári)	24.1%
Korn (hafrar, rúgur og hveiti)	17.1—
Rófur	13.4—
Kartöflur	16.9—

Með þessu er sagan þó ekki nema hálf sögð. Í góðum árum er uppskeruaukinn minni en meðaltalið segir, en í hörðum árum er hann langtum hærrí, allt upp í 50%. Hefur þetta langmesta þýðingu fyrir veðurhörð héruð.

Hér á landi hefur Klemenz Kr. Kristjánsson gert mælingar á uppskeruauka á bygggi og höfrum í nokkur ár á skýldu landi. Þær mælingar eru mjög samhljóða józku mælingunum.

Enn fremur má geta þess, að þar sem lönd eru lögð í tröð veturlangt, svo sem venja er hér við alla kartöflurækt og oftast við byggækt, blæs oft mikið af jarðvegi og næringarefnum burt yfir veturinn. Enginn veit, hve mikil verðmæti fara forgörðum á þennan hátt. Skjólbelti munu minnka þetta tjón jafnframt því, sem þau safna að sér snjó, er hlífir jörðinni og kemur í veg fyrir klakamyndun.

Skjól hefur og mikla þýðingu fyrir allt dýralíf. Hvarvetna þar, sem lögð er stund á nautgripærækt, er alls staðar séð fyrir skjóli. Skjólbelti stytta innistöðutíma gripanna og beitun nýtist langtum betur í skjólinu.

Hér á landi hefur reynsla undanfarinna ára og jafnvel áratuga á nokkrum stöðum sýnt, svo að ekki verður um villzt, að rækta má skjólbelti í flestum byggðarlögum landsins. Völ er á allmörgum barr- og lauftrjátegundum, sem reynzt hafa vel í skjólbelti, svo að ræktun þeirra mun ekki stranda á trjátegundaskorti, eins og ýmsir hafa áður talið. Hins vegar þurfa skjólbeltin nákvæma umhirðu á fyrstu 4—5 árum, en eftir það verður hirðingin léttari og mjög auðveld. Því ber ekki að leyna, að á nokkrum stöðum hefur ræktun skjólbelta mistekizt sakir þess, að hirðing var vanrækt. En aðalvandkvæðin við skjólbeltarækt hér á landi eru friðun trjáplanttanna. Hér verður skjólbeltum hvergi komið upp, nema með því að girða þau rammbbyggilega. Og girðingar eru dýrar.

Á Jótlandi, þar sem skjólbeltarækt er lengst komin í nágrannalöndum okkar, hafa bændur um langan aldur verið styrktir af því opinbera til þessarar ræktunar. Sá styrkur hefur lengst af verið á þann veg, að bændur fengu endurgreitt ½ andvirði trjáplanttanna og kostnaðinn af gróðursetningunni. Jarðvinnslu, hirðingu og áburð urðu þeir að leggja til sjálfir. Styrkur var ekki greiddur á þau skjólbelti, þar sem ræktun mistókst. Hér var aldrei um annan girðingarkostnað að ræða en ódýrar stór-gripagirðingar, sem bændur urðu að standa undir.

Þar sem girðingarkostnaður er stærsti og dýrasti þátturinn við skjólbeltarækt hér á landi, er óhugsandi að menn treystist til að taka hann upp, nema með því móti að þeir fái drjúgan styrk til girðinga. Að auki yrðu menn svo að fá styrk til plöntukaupa og til gróðursetningar.

Í því frumvarpi til skjólbeltaræktunar, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að allir jarðræktarmenn geti notið styrks til að koma upp skjólbeltum. En til þess að hljóta styrk, þarf bæði að leggja fram töluvert af eigin fé og að fullnægja ýmsum skilyrðum. Þær skorður munu koma í veg fyrir, að aðrir en duglegir ræktunarmenn geti hafizt handa um ræktun skjólbelta.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal tekið fram:

Um 1. gr.

Fyrsta grein þarf ekki skýringa við.

Um 2. gr.

Hér er kveðið svo á, að skógræktarstjóri hafi yfirumsjón þessara mála og að hann skuli gera tillögur um fjárveitingu til landbúnaðarráðuneytisins fyrir næsta ár. Þær tillögur hljóta að byggjast á þeim umsóknum, sem berast til hans og hæfar

þykja, en landbúnaðarráðuneytið sendir svo tillögur sínar til fjármálaráðuneytisins og Alþingis, sem taka ákvörðun um fjárhæðina hverju sinni.

Um 3. gr.

Samkvæmt upphafi greinarinnar geta allir ábúendur lögbýla, garðyrkjubýla og félagsbundin samtök um ræktun korns og garðávaxta komið til greina sem styrkþegar. Hinir síðastnefndu fá þá eigi styrki nema að því tilskildu að þeir hafi minnst 10 ha lands í samfelldri ræktun.

Um 4. gr.

Styrkur er háður þeim skilyrðum, að skógarvörður og héraðsráðunautur hafi mælt með landinu til þessarar ræktunar. Enn fremur verður að hlíta á allan hátt for sögn skógarvarðar um gerð og legu belta, svo og að jarðvinnsla öll og áburðargjöf fari eftir fyrirmælum hans. Þá er og ákvæði um, að landið skuli girt löggirðingu, og loks að styrkur verður ekki greiddur fyrr en þeim áfanga er náð, sem væntanleg reglugerð á að segja fyrir um. Þetta ákvæði á að tryggja það, að styrkir verði ekki greiddir fyrr en öruggt sé að skjólbelti komist á fót.

Um 5. gr.

Í greininni er ákvæði um, að einungis skuli hringgirða landið, sem rækta á í skjólbelti. Yrði það alltof dýrt að girða hverja rein fyrir sig með löggirðingu. En vilji eigandi eða umráðandi nota landið til beitars, ber honum að sjá um girðingar innan hins afmarkaða svæðis, en það yrðu þá í framkvæmd aðeins stórgripagirðingar, sem eru ódýrar.

Þá er í greininni ákvæði um, að veittur styrkur sé að öllu eða nokkru leyti afturkræfur verði misbrestur á vörzlu skjólbelta, svo að hljótist tjón af.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að styrkur megi nema $\frac{1}{3}$ af girðingarkostnaði og $\frac{1}{2}$ gróðursetningarkostnaður.

Augljóst er, að þessir kostnaðarliðir breytast með landstærð. Séu skjólbelti t. d. sett upp á 10 ha landssvæði, kostar girðing umhverfis landið kr. 51 000.00, er gerir kr. 39.00 á hvern lengdarmeter girðingar. Plöntu- og gróðursetningarkostnaður yrði alls kr. 93 880.00, er gerir kr. 40.00 á hvern fullunninn meter í skjólbelti. Í þessu tilviki fengi styrkþegi því kr. $\frac{1}{3} \times 39.00 + \frac{1}{2} \times 40.00$, eða alls kr. 33.00 í styrk pr. meter, sem svarar til 42% af heildarkostnaði. Þess skal getið, að lögin gera ráð fyrir því, að styrkþegi leggi fram alla jarðvinnslu og áburð án styrks.

Í lok greinarinnar er kveðið svo á, að skógarverðir og héraðsráðunautar annist úttekt á þeim framkvæmdum, sem gerðar hafa verið í ræktun skjólbelta.

Um 7. gr.

Fyrri málsgrein segir fyrir um, hversu fara skuli með skjólbelti á fyrstu árum þess, og jafnframt kveður hún svo á, að styrkþega megi krefja um endurgreiðslu á styrk, ef hann hirðir ekki skjólbeltin svo sem nauðsyn krefur.

Síðari málsgreinin kveður á um verðlaun til þeirra, er hirða skjólbeltin vel, og er ætlunin með þessari grein allri, að búa svo vel um hnútana, að sem fæst mistök verði.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um ábúenda- og eigendaskipti, og er sett til að tryggja það, að skjólbeltin fari ekki forgörðum við slík skipti.

Um 9. gr.

Ekki verður hjá því komizt að setja reglugerð, sem kveði á um einstök atriði við framkvæmd þessara mála, t. d. hvenær skjólbelti teljast styrkhæf og í hvaða tilfellum verðlaun skuli veitt fyrir hirðingu o. s. frv.